



Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið


Reykjavík, 5. október 2021

Efni: Umsögn um tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa, drög til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda. Útgefandi: Stjórnarráð Íslands, Forsætisráðuneytið, september 2021


Kennarasamband Íslands telur löngu tímabært að ráðast með krafti í vinnu við endurmat sem leiðir af sér aðgerðir sem útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði. Þó svo að dregið hafi úr launamun á undangengnum árum þá er enn langt í land að sá launamunur kynja sé upprættur. Kí fagnar því tillögum starfshópsins og styður þær heilshugar.

Sé rýnt í laun fullvinnandi á íslenskum vinnumarkaði frá árinu 2014 má sjá að regluleg laun sérfræðinga í fræðslustörfum og heilbrigðis- og félagsþjónustu sem eru nánast hreinræktaðar kvennastéttir eru umtalsvert lægri en sérfræðinga í öðrum atvinnugreinum samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá stöðuna 2020. Annars vegar mánaðarlaunin og hins vegar frávik meðallauna sérfræðinga í hverri atvinnugrein frá meðaltali allra sérfræðinga.

Sérfræðingar (2), mánaðarlaun í þús. kr. 2020



Sérfræðingar (2), frávik frá meðaltali/Alls 2020




(Heimild: Hagstofa Íslands)

KÍ leggur því áherslu á að vinnu við þessi mál verði hraðað sem mest og tekur heilshugar undir efni skýrslunnar. Á Íslandi stefnir í stórfelldan kennaraskort þó horfur hafi eitthvað skánað síðustu ár og ef að á Íslandi á að vera öflugt menntakerfi sem getur verið forsenda framfara þarf að setja þunga í þessa vinnu. Ekki er mögulegt að efla menntun í sífellt flóknara þjóðfélagi án kröftugra aðgerða stjórnvalda til að tryggja launajafnrétti.

Í tillögum starfshópsins er lagt til að skipaður verðir aðgerðarhópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins og að honum verði falin þrjú verkefni. Hér á eftir er örlítill umsögn um hvert þeirra.

Fyrsta tillagan sem sett er fram á að greina vandann og koma á fót þróunarverkefni um mat á virði starfa til að greina hvaða þættir það eru sem einkenna kvennastörf og kunna að vera vanmetnir. KÍ telur tímabært að skoða virðismat starfa og bendir á ofangreinda mynd þar sem þeir sérfræðingahópar þar sem flestar konur eru raðast neðst í listanum. Til upplýsingar má sjá skífurit um kynjaskiptingu félagsfólks í Kennarasambands Íslands sem allflest tilheyrir hópnum sérfræðingar í fræðslustarfsemi (sbr. myndin hér að framan). Myndin sýnir félagi í öllum aðildarfélögum bæði kennara og stjórnendur í tónlistar-, leik-, grunn-, og framhaldsskólum.



(Heimild: Félagaskrá Kennarasambands Íslands, október 2021)

Löngu tímabært er að greina hvaða þættir hafa áhrif á launamyndun og verðmætamát á störfum sem kvennastéttir vinna af hendi. KÍ tekur undir að með þróun verkfæra og þekkingar má styrkja atvinnurekendur til að uppfylla lagaákvæði um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf.

Hvað aðra tillöguna varðar tekur KÍ undir að vinnumarkaðurinn þarf að koma að vinnu við launajafnrétti og útfærslur og lýsir sig tilbúið að taka þátt í vinnu við þróun samningaleiðar þar sem komið er í veg fyrir kerfisbundið vanmat á störfum kvenna.

Í þriðju tillögu starfshópsins er fjallað um þekkingaruppbyggingu og vitundarvakningu. Kennarasambandið telur þennan þátt mjög mikilvægan. Skv. 15. gr. jafnréttislaga 150/2020 eiga nemendur á öllum skólastigum að „hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.“ Nauðsynlegt er efla jafnréttisstarf á öllum skólastigum og auka fræðslu um mismunandi gildismat samfélagsins eftir kyni og áhrif þess á launamun kynjanna. Kennarasamband Íslands mun beita sér fyrir því að þessir málaflokkar verði á dagskrá bæði í skólakerfinu í heild sem og í kennaranámi.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd Kennarasambands Íslands

Anna María Gunnarsdóttir



Varaformaður Kennarasambands Íslands

Ragnar Þór Pétursson



Formaður Kennarasambands Íslands